

**Nd.**

**350. Breytingartillögur**

[93. mál]

við frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. 1. málsg. orðist svo:

Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka útlendinga í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingar flytjist til landsins í því skyni, án leyfis félagsmálaráðherra.

2. Við 3. gr. Síðasta málsg. orðist svo:

Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi sem hefur ekki leyfi til dvalar hér á landi skv. lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott skv. þeim lögum.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um tegund vinnu, aðila viðkomandi kjarasamnings og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum. Í umsókn skal enn fremur færa rök fyrir nauðsyn þess að ráða erlent starfsfólk.

Áður en atvinnuleyfi er veitt rannsakar vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað, séu slíkar upplýsingar ekki þegar fyrir hendi. Leita skal umsagnar útlendingaeftirlitsins áður en atvinnuleyfi er veitt.

Vinnumálaskrifstofa félagsmálaráðuneytisins skal árlega leita áhlits vinnumarkaðarins um almenna stefnumörkun varðandi ráðningu erlends starfsfólks, sbr. 53. og 54. gr. laga nr. 13/1979 og reglugerð skv. þeim lögum.

4. Við 5. gr. Í 1. málsg. falli brott orðin „til opinberra vinnumiðlana erlendis“.

5. Við 9. gr.

a) 3. töluliður 2. málsg. falli niður, þ. e. „umsækjandi hafi óflekkað mannorð“.

b) Ný málsgrein, sem verður 3. málsg., orðist svo:

Heimilt er að synja manni um leyfi, ef ákvæði 2. málsg. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

6. Við 12. gr.

a) Síðasti másl. 1. málsg. orðist svo:

Hafi aðili hlutast til um að útlendingur, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, flytjist til landsins til að taka hann í þjónustu sína, ber þeim aðila að sjá um brottflutning slíks erlends starfsmanns, innan þess tíma sem ráðherra tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

b) 2. málsg. orðist svo:

Heimilt er ráðherra að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er útlendingar starfa við án leyfis, þar til þeir eru farnir úr landi eða hættir störfum og tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma.

c) Til viðbótar við 3. málsg. komi: og enn fremur útlendingaeftirlitinu.